

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1375  
komudagur 24.3.2010

Nefndasvið Alþingis,  
sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Hafnarfjörður, 22.03.2010

Tilv. 60.12

Fiskistofa vísar til bréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 15. mars 2010, þar sem Fiskistofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða (byggðakvóti, ráðstöfun aflaheimilda), þskj. 741 - 424. mál.

Fiskistofa þakkar fyrir að fá ofangreint lagafrumvarp sent til umsagnar og vill kom eftirfarandi á framfæri varðandi það.


Í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, með síðari breytingum, er kveðið á um heimildir útgerða til að flytja aflamark sem bundið er við einstök fiskiskip þeirra frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Þar er notað orðalag "flytja ... af aflamarki ... frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta" og er það einnig það orðalag sem í daglegu tali er notað um þessa heimild og nýtingu hennar. Til að fyrirbyggja allan misskilning telur Fiskistofa æskilegt að annað orðalag verði notað um heimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis til að "geta flutt úthlutun byggðakvóta á milli fiskveiðiára" sem lögð er til í b-lið 1. gr. frumvarpsins og því verði það ákvæði orðað svo:

*Heimilt er að flytja úthlutun aflamarks einstakra fiskveiðiára sem úthlutað er samkvæmt þessari grein yfir á næsta fiskveiðiár og úthluta því með þeim aflaheimildum sem koma til úthlutunar á því fiskveiðiári. Aflamark eldra fiskveiðiárs skal tilheyra aflamarki þess fiskveiðiárs sem hófst 1. september næst á undan úthlutun aflamarks.*

Hvað varðar ákvæði 2. gr. lagafrumvarpsins vill Fiskistofa benda á að samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða eru aflaheimildir ((króka)aflahlutdeildir og (króka)aflamark) ávallt bundnar við skip sem uppfylla tiltekin skilyrði og eru ýmist í eigu sama einstaklings og/eða fyrirtækis, eins eða fleiri, sem gerir þau út eða þau eru gerð út á grundvelli einhvers konar leigusamnings af einstaklingi eða einstaklingum og/eða fyrirtæki eða fyrirtækjum sem ekki eru eigendur hlutaðeigandi skipa. Þá er algengt að við sölu skipa sé fyrst gerður kaupsamningur um þau en síðan að nokkrum tíma liðnum færist eignarráðin endanlega yfir til kaupanda við útgáfu afsals. Það þýðir að frá því kaupsamningur er gerður og þar til afsal hefur verið gefið út er eigandi eða eigendur skips samkvæmt kaupsamningi og eigandi eða eigendur þess samkvæmt afsali ekki sá sami eða sömu. Með vísan til þess sem að framan er rakið vill Fiskistofa vekja athygli

sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar á að vera kunnir að skýra þurfi betur en gert er í lagafrumvarpinu hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt til að aflaheimildir teljist "tilheyra" í skilningi ákvæða 2. gr. frumvarpsins "gjaldþrota einstaklingum og fyrirtækjum eða fyrirtækjum eða einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa fengið heimild til greiðslustöðvunar" sem og hvað ráði því hvaða "einstökum sveitarfélögum eða byggðarlögum" aflaheimildirnar teljast tilheyra við beitingu ákvæða umræddrar greinar. Á þar einungis að líta til lögheimilis eiganda skips (einstaklinga eða fyrirtækja) eða eiga önnur atriði að skipta máli í því sambandi, s.s. skráningarstaður skips samkvæmt skipaskrá Siglingastofnunar Íslands og/eða raunverulegur útgerðarstaður skips (þ.e. staður þar sem afla skipsins er oftast landað og mest er leitað eftir nauðsynlegri þjónustu vegna útgerðar þess). Þá kunna einnig að koma upp álitamál, eins og fyrir sagði, ef um er að ræða fleiri en einn eiganda og/eða útgerðaraðila að skipi sem eru jafnvel ekki með heimilisfesti í sama sveitarfélagi eða byggðarlagi, sem og ef eigendur skips samkvæmt kaupsamningi eru aðrir en eigendur þess samkvæmt afsali. Þá vill Fiskistofa taka fram að henni er ekki kunnugt um að hugtakið "byggðarlag" hafi verið skýrlega afmarkað í lögum og því kann að vera tilefni til að það verði gert í lagafrumvarpinu eða reglum sem gera má ráð fyrir að ráðherra setji á grundvelli þess verði það að lögum.

Virðingarfyllst,



Arni Múli Jónasson,  
fiskistofustjóri